



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. febrúar 2024

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun, 585. mál. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er með því er lagt til að komið verði á fót nýrri Umhverfis- og orkustofnun sem taki við starfsemi Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar. Samhliða er lagt til að Orkustofnun verði lögð niður. Í frumvarpi til laga um Náttúruverndar- og minjastofnun, sem áformað er að leggja einnig fram á 154. löggjafarþingi, er ætlunin að leggja til að Umhverfisstofnun verði einnig lögð niður.

Samtökin hafa á fyrri stigum komið á framfæri ábendingum um boðaðar breytingar, þ.e. þegar áform voru kynnt þess efnis á samráðsgátt stjórnvalda, 30. maí 2023, mál nr. S-103/2023, með umsagnarfresti til 13. júní 2023. Eins og samtökin vöktu þá athygli á leiðir minni tvíverknaður og skörun verkefna til betri nýtingar á því takmarkaða fé sem varið er til eftirlits, minni reglubyrði fyrir atvinnulífið og skilvirkari framkvæmd eftirlits, sbr. nánar umsögn samtakanna dags. 13. júní 2023. Ein mikilvægasta kerfisbreytingin sem unnt er að ráðast í til að auka skilvirkni og draga úr reglubyrði er að endurskipuleggja starfsemi eftirlitsstofnana þannig að verkefni þeirra séu sameinuð og samþætt en með því má lágmarka tvíverknað og skörun verkefna, líkt og segir til dæmis í skýrslu vinnuhóps á vegum forsætisráðuneytisins um eftirlitsstofnanir sem birt var árið 2014.

Einfalt, skilvirk og hagkvæmt starfsumhverfi fyrirtækja skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni Íslands. Samtökin hafa því hvatt stjórnvöld til að huga að þessu og nýta tækifærið við fyrirhugaðar stofnanasameiningar til að endurskipuleggja og auka skilvirkni eftirlits, draga úr opinberum samkeppnisrekstri og auka útvistun.

Hvað varðar boðaðar breytingar leggja samtökin ríka áherslu á við sameiningu Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar í nýja Umhverfis- og orkustofnun, að sjálfstæði raforkueftirlits hér á landi verði tryggt í samræmi við EES gerðir á sviði raforkumála og fyrirbyggjandi ábendingar ESA um þá framkvæmd hér á landi, sbr. 983 mál á 153. Löggjafarþingi 2022-2023. Í frumvarpinu er mælt fyrir Raforkueftirlitið skuli vera sjálfstæð eining innan Umhverfis- og orkustofnunnar sem rekin er fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar til samræmis við



athugasemdir samtakanna á fyrri stigum, sbr. t.a.m. umsögn SI um frumvarp að breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum dags. 17. maí 2023.<sup>1</sup>

Samtökin telja að sameininguna hafa í för með sér tækifæri til einföldunar á stjórnslu og leyfisveitingaferli er viðkemur málaflokkum á sviði orku- og umhverfismála. Í því samhengi vísast til fyrirbyggjandi ábendinga í skýrslu sem VSÓ ráðgjöf vann fyrir Samorku, SI og SA um málsmeðferð við leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum.<sup>2</sup>

Samtökin leggjast ekki gegn framgangi fyrirbyggjandi frumvarps. Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp til laga. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllt,

Sigurður Helgason,  
lögmaður

Lárus M. K. Ólafsson,  
sérfræðingur á sviði umhverfis- og  
orkumála

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/erindi/153/153-4762.pdf>

<sup>2</sup> <https://www.si.is/upplýsingar-og-utgafa/skyrslur-og-rit/malsmedferd-vid-leyfisveitingar-og-mat-a-umhverfisahrifum>